

Frá starfsemi
Suðurlandsdeildar
Veiðimálastofnunar
árið 2002

Magnús Jóhannsson

Selfossi, apríl 2003

Frá starfsemi Suðurlandsdeildar
Veiðimálastofnunar
árið 2002

Magnús Jóhannsson

Selfossi, apríl 2003 VMST-S/03001

Veiðimálastofnun - Suðurlandsdeild

Austurvegur 1, 800 Selfoss, Sími: 480-1840

Netfang: sudurlandsdeild@veidimal.is

Inngangur.


Á deildinni var unnið að ýmsum þjónusturannsóknum fyrir veiðifélög og rannsóknum tengdum framkvæmdum en sá þáttur starfseminnar hefur farið vaxandi. Unnið er að nokkrum sértækum rannsóknarverkefnum. Suðurlandsdeild sér um söfnun veiðiskýrsla fyrir Suðurland og vinnslu á hluta þeirra, þar er einkum um að ræða skýrslur yfir veiði í net.

Tveir starfsmenn störfuðu á deildinni, einn sérfræðingur og einn líffræðingur. Sértekjur deildarinnar voru 10,4 millj. en voru tæpar 11,7 millj. árið áður. Útgjöldin voru 11,6 millj. en voru 11 millj. árið 2001. Hér er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem unnið var að á árinu 2002.

Veiðivötn.

Veiðivötn er vatnaklasi á Landmannaafretti. Þar er stunduð stangveiði og netaveiði á urriða og bleikju. Hlutur stangveiðinnar hefur vaxið á síðustu árum og er nú um 80 % urriðaaflans tekinn á stöng (mynd 1). Samkvæmt skýrslum veiddust 16.457 silungar í Veiðivötnum á sl. ári sem er mesta veiði síðan 1977. Á stöng veiddust 10.781 urriðar, sem er nærri 20 % meiri veiði en árið á undan. Í net veiddust 2.888 urriðar sem er um 16 % meiri veiði en árið 2001. Bleikjuveiðin varð 2.788 fiskar sem er um 13 % aukning frá fyrra ári. Um helmingur bleikjuafllans var tekinn á stöng.

Starfsmenn deildarinnar fóru til rannsókna í Veiðivötnum líkt og gert hefur verið árleg síðan 1985. Rannsóknirnar miða að því að meta ástand fiskstofna í vötnunum og gefa ráð um nýtingu og fiskrækt. Náttúrulegri nýliðun hjá urriða er ábótavant í mörgum vatnanna í Veiðivatnaklasanum, einkum þeim stærri. Slepping urriðaseiða í stærri vötnin



hefur skilað


Mynd 1. Veiði urriða í Veiðivötnum og hlutfall stangveiði.

góðum árangri og aukið afrakstur þeirra verulega. Rannsóknir og ráðgjöf í Veiðivötnum eru unnar fyrir Veiðifélag Landmannaafrettar.

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár.

Deildin kannaði seiðaástand á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár en það hefur verið gert árlaga frá árinu 1985. Í kjölfar hlaups úr Hagafellsjökli árið 1999 varð minnkun í þéttleika laxaseiða í meginánum Hvítá og Ölfusá. Undanfarin tvö sumur hefur aftur orðið nokkur aukning í þéttleika eins og tveggja ára laxaseiða í neðri hluta Hvítár (mynd 2).

Seiðaástand í Stóru-Laxá var mun slakara en árið 2001. Eins og tveggja ára laxaseiði voru í minni þéttleika en svipað var af sumargömlum laxaseiðum. Seiðaárgangar sem gengu til sjávar vorin 2001 og 2002 voru nokkuð sterkir en þeir koma til með að skila sér í veiði árin 2002 til 2004.



Mynd 2. Vísitala þéttleika laxaseiða eftir aldri í Hvítá neðan Hestfjalls.


Í Sogi var haldið áfram rannsóknum á botndýrum, gerð sérstök athugun á fæðu seiða, seiðabúskapur metinn og aldur göngulaxa kannaður. Þéttleiki laxaseiða hefur verið fremur lítill í Sogi undanfarin ár. Rannsóknirnar í Sogi eru unnar fyrir Landsvirkjun en aðrar rannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár eru unnar fyrir Veiðifélag Árnesinga.

Haldið var áfram merkingum á laxi og silungi í Ölfusá. Merktir voru 28 laxar með sendimerkjum, á tímabilinu 5. júlí – 29. ágúst. Sendimerki senda frá sér útvarpsbylgjur sem hægt er að nema og fylgjast þannig með ferðum laxanna. Merkingar þessar, sem staðið hafa í tvö ár, hafa gefið miklar upplýsingar um gönguhegðun laxa á vatnasvæðinu sem eru mikilvægar varðandi nýtingu og veiðistjórnun. Meginniðurstaðan er sú að laxarnir stoppuðu um lengri eða skemmri tíma á leið sinni upp vatnasvæðið. Á hrygningartíma voru þeir dreifðir um Hvítá og Ölfusá og í Sogi. Sex merktir laxar veiddust, fimm í net og einn á stöng. Enn er þó ekki fullljóst um endurheimtur þetta árið, þar sem veiðibækur kunna að innihalda upplýsingar um frekari veiði á merktum laxi. Nú er unnið að úrvinnslu gagna og stefnt að því að niðurstöður verkefnisins verði teknar saman í skýrslu. Verkefnið hefur fengið fjárstuðning frá Veiðifélagi Árnesinga, Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Fiskræktarsjóði, Rannsóknarráði Íslands og Landbúnaðarráðuneytinu.

Þingvallavatn.

Frá árinu 1999 hefur deildin unnið að verkefni sem miðar að því að styrkja urriðastofna Þingvallavatns. Landsvirkjun hefur í samvinnu við Veiðifélag Þingvallavatns, unnið að því að skapa á ný skilyrði til hrygningar- og uppeldis fyrir urriða í útfalli Þingvallavatns. Hafa þær aðgerðir m.a. falið í sér að koma þar fyrir mól, sem talin er henta til hrygningar fyrir urriða, hrognagreftri og sleppingum urriðaseiða. Markmiðið með þessum aðgerðum er að þar geti skapast hrygningar- og uppeldisstöðvar fyrir sjálfbæran urriðastofn. Veiðimálastofnun hefur komið að þessum aðgerðum og jafnframt stundað rannsóknir á árangri þeirra ásamt tengdum rannsóknum á fiskstofnum vatnsins. Í rannsóknunum er megináherslan lögð á vöktun fiskstofna með tilliti til sleppinga. Þá hefur verið lögð sérstök áhersla á að auka almenna þekkingu á lífsháttum urriða í vatninu sem var mjög lítill fyrir. Rannsóknir sumarið 2002 sýndu að allnokkur hrygning og uppeldi urriða var í Öxará. Þar virðist nú vera aðal hrygningarstaður urriða í Þingvallavatni. Mjög lítið uppeldi kom fram í

Grafningsánum, Ölfusvatnsá og Villingavatnsá líkt og undanfarin ár. Hreistursrannsóknir sýna að urriðinni í Öxará vex fremur hægt fyrstu árin. Mikil vaxtaraukning verður við 19 til 40 cm stærð (3-7 ára) þegar hann tekur upp fiskát.



Mynd 3. Lengdardreifing urriða úr klakveiði í Öxará og Þingvallavatni haustið 1999-2002.

Aðalfæða stálpaðra urriða er að öllum líkindum murta. Urriðinn í Þingvallavatni er stórvaxinn og allnokkur hluti hrygningarfiska er yfir 80 cm (mynd 3). Kynþroska er náð við 6 til 8 ára aldur og 55 til 80 cm stærð. Merkingar og hreistursrannsóknir sýna að meginreglan er sú að urriðinn hrygni á hverju ári eftir að hann verður kynþroska.



Mynd 4. Vænn urriði tekin til kreistingar úr Öxará.

Haustið 2002 voru veiddir urriðar í klak í Öxará og þeir kreistir. Urriðarnir voru merktir og sleppt aftur (mynd 4). Hluti urriðaseiða sem sleppt hefur verið í vatnið hafa einnig verið merkt. Klakurriðar voru merktir með númeruðum plastmerkjum sem fest eru í bak þeirra en seiðin með málmflísum sem komið er fyrir í trjónu fiskanna, þau merki sjást ekki en merktir fiskar eru auðkenndir með því að veiðiugginn er klipptur af. Ef slíkur

fiskur veiðist skal skera trjónu af við augu og koma henni til Veiðimálastofnunar ásamt upplýsingum um stærð fisksins, veiðistað og veiðimann. Það er afar mikilvægt að veiðimenn skili inn merkjum, með því fást m.a. upplýsingar um göngur fiskanna og árangur seiðasleppinga.

Á sl. sumri var haldið áfram rannsóknum á bleikju. Tilgangur þeirra er að meta og fylgjast með ástandi bleikjustofna vatnsins. Rannsóknir í Þingvallavatni eru unnar í samvinnu við Veiðimálastofnun í Reykjavík. Þær eru unnar fyrir Landsvirkjun í samstarfi við Veiðifélag Þingvallavatns. Bleikjurannsóknirnar eru kostaðar af Orkuveitu Reykjavíkur.

Þjórsá.


Á vatnasvæði Þjórsár var haldið áfram með verkefni sem miðar að því að kanna landnám lax ofan laxastiga í fossinum Búða. Þá var lokið við verkefni vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá neðan Búrfells. Náttúrulegt laxaklak fannst í Þjórsá ofan við Búða og í samanburði við fyrri ár virðist það fara vaxandi. Náttúrulegt klak hafði áður fundist ofan stigans flest ár frá árinu 1994. Einnig fundust laxaseiði upprunnin úr sleppingum sumaralinnna seiða. Við athugun á seiðabúskap á fiskgenga hlutanum kom í ljós að seiðaástand laxaseiða var fremur slakt í Kálfá. Óvanalega lítið var af laxa- og urriðaseiðum á fyrsta ári (0^+). Rannsóknir benda þó til þess að klakárgangur laxaseiða 1999 og 2000 séu tiltölulega sterkir í Þjórsá og Kálfá. Ef þeim reiðir vel af í sjó má reikna með allmikilli laxgengd næstu ár. Teljari í stiganum við Búða taldi 108 laxa á ferð upp, sem er litlu minna en árið 2001. Að auki komu fram 66 silungar á uppleið í teljaranum. Merkingar á göngulaxi úr stiganum við Búða gáfu mjög áhugaverðar upplýsingar um göngur laxa á svæðinu ofan stigans. Þær staðfestu m.a. að lax gekk til hrygningar í flestra þveráa Þjórsár ofan Búða. Bráðabirgðatölur um veiði benda til þess að allmikil laxgengd hafi verið í Þjórsá sumarið 2002. Rannsóknir í Þjórsá eru unnar fyrir Landsvirkjun.

Rangárnar.

Samkvæmt bráðabirgðatölum veiddust um 1.800 laxar í Rangánunum á síðastliðnu sumri sem er talsvert minni afli en árið áður, en þá voru um 5.318 laxar dregnir á land. Lax í Rangánunum er nær eingöngu úr sleppingum gönguseiða. Minni veiði er vegna slakra endurheimtna seiða. Suðurlandsdeild sá um uppsetningu fiskteljara í fiskstigum í Árbæjarfossi og Ægissíðufossi í Ytri-Rangá ásamt eftirlit með þeim og úrvinnslu gagna. Teljarinn í Ægissíðufossi taldi samtals um 1.100 laxa upp og 40 silunga. Af löxunum voru um 800 smálaxar og 300 stórlaxar. Laxgengdin upp var um helmingi minni en árið áður. Við Árbæjarfoss voru taldir um 350 laxar upp, 260 smálaxar og 90 stórlaxar.

Sjóbirtingsrannsóknir á vatnasvæðum Grenlækjar og Skaftár.

Í Grenlæk og á vatnasvæði Skaftár voru stundaðar rannsóknir á sjóbirtingi með svipuðum hætti og verið hefur frá árinu 1995. Í Grenlæk er fiskteljari sem telur og stærðarmælir fisk á göngu á hrygningarstöðvar. Jafnframt eru gerðar síríta vatnshitamælingar og ljósmælingar í þeim tilgangi að sjá hvernig vatnshiti og birta hafa áhrif á göngur. Árið 2002 var teljari starfræktur frá 30. apríl og út árið. Teljarinn var tengdur við símalínu og rafmagn úr veiðihúsinu við Seglbúðir. Með þessu er rekstraröryggið meira auk þess sem hægt er að tengjast teljaranum gegnum síma og fylgjast með hvernig hann virkar og hlaða gögn á tölvu. Tölur úr teljara benda til að sjóbirtingsgengd á hrygningarstöðvar í Grenlæk hafi verið mun minni en árið 2001. Rekstur teljara gekk ekki sem best. Galli kom fram í hugbúnaði og mikið vatn í læknum raskaði talningu.



Mynd 5. Fylgni vísitölu þéttleika urriðaseiða á fyrsta ári á vatnasvæði Skaftár og meðalhita í mars til júní sama ár á Kirkjubæjarklaustri.

Hluti sjóbirtingsrannsóknanna eru merkingar en þær miða m.a. að því að meta ratvísi og veiðiálag vor og haust. Í maí voru slöngumerktir 12 sjóbirtingar úr rafstöðvarlóni við Seglbúðir.

Seiðabúskapur var kannaður á vatnasvæði Skaftár og í Grenlæk. Fylgst hefur verið með seiðabúskap á vatnasvæði Skaftár samfelld frá árinu 1986. Þéttleiki urriðaseiða hefur verið breytilegur milli ára. Svo virðist sem þéttleiki seiða á fyrsta ári vaxi með vaxandi meðalhita að vorlagi (mynd 5). Langtímarannsóknir sem þessar gefa kost á að meta stofnsveiflur og hvaða þættir hafa áhrif á þær. Sjóbirtingsrannsóknirnar hafa fengið stuðning ýmissa aðila, ekki síst heimamanna og stangveiðimanna. Síðustu ár hefur fjárstuðningur fengist frá Fiskræktarsjóði.

Önnur verkefni.

Suðurlandsdeild safnaði neta- og stangveiðiskýrslum úr ám og vötnum á Suðurlandi. Sífelld er unnið að því að bæta veiðiskráningu. Mjög bagalegt er hversu skýrslur berast seint og er þeim tilmælum vinsamlegast beint til veiðiréttareigenda að þeir skili skýrslum strax að loknum veiðitíma.

Í júní fór deildarstjóri í skoðunarferð til Massachusetts í BNA. Megintilgangur fararinnar var að kynna sér hvernig staðið er að því að fleyta seiðum framhjá virkjanamannvirkjunum.

Ráðgjöf í fiskeldi var einkum varðandi framleiðslu seiða til fiskræktar. Við deildina voru unnar ýmsar umsagnir vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Rita- og erindaskrá.

Skýrslur:

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson, Erla Björk Örnólfsdóttir, Sigurður Guðjónsson, og Ragnhildur Magnúsdóttir, 2002. Rannsóknir á lífríki Þjórsár vegna virkjana í Þjórsá neðan Búrfells. Veiðimálastofnun VMST-S/02001: 124 bls

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2002. Físirannsóknir í Sogi árið 2001 Veiðimálastofnun VMST-S/02002: 21 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2002. Seiðarannsóknir í Öxará, Ölfusvatnsá, Villingavatnsá og útfalli Þingvallavatns árið 2001. Veiðimálastofnun VMST-S/02003: 15 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2002. Aldursrannsóknir, merkingar og endurheimtur á urriða úr Öxará árin 2000 – 2001. Veiðimálastofnu VMST-S/02004: 15 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2002. Seiðarannsóknir og búsvæðamat fyrir laxfiska í Ölfusá fyrir landi Hellis og Fossness. Veiðimálastofnu VMST-S/02005: 12 bls.

Magnús Jóhannsson, 2002. Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 2001. Veiðimálastofnu VMST-S/02006: 7 bls. (Einnig í ársriti Búnaðarsambands Suðurlands 2001).

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2002. Fiskrannsóknir í Apavatni árið 2001 Veiðimálastofnu VMST-S/02007: 14 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2002. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 2002, Veiðimálastofnu VMST-S/02009: 30 bls.

Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson, 2002. Seiðarannsóknir í Öxará, Ölfusvatnsá, Villingavatnsá ásamt urriðarannsóknnum í Þingvallavatni. Veiðimálastofnu VMST-S/02010: 19 bls.

Önnur rit.

Magnús Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Erlendur Björnsson, 2002. Migration behaviour of brown trout, *Salmo trutta* L, in River Grenlaekur south east Iceland. Í: ráðstefnuriti, Freshwater Fish Migration and Fish Passage, Fishway 2001, sem haldin var í Reykjavík í september 2001: 61-64.

Veggspjöld.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2002. Rannsóknir á urriða í Þingvallavatni. Samráðsfundur Landsvirkjunar 5 apríl 2002.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2002. Lífríkisrannsóknir í Sogi. Samráðsfundur Landsvirkjunar 5 apríl 2002.

Erindi.

Magnús Jóhannsson, 2002. Fiskrannsóknir í Ölfusá árið 2001. Erindi haldið á aðalfundi Stangveiðifélags Selfoss, 22. febrúar 2002.

Umsagnir.

Magnús Jóhannsson, 2002. Umsögn um fyrirhugaðar seiðasleppingar í vötn á Síðumannafrétti, 2.mái 2001: 1 bls.

Magnús Jóhannsson, 2002. Umsögn vegna fyrirhugaðra seiðasleppinga í Álftavötn á Skaftártunguafrétti, 21. júlí 2002: 1 bls.

Auk þessa var greint frá rannsóknum og veiðitölum á viðkomandi félagssvæði á aðalfundum: Greint var frá rannsóknum á viðkomandi félagssvæði á aðalfundum: Veiðifélags Landmannafréttar, Veiðifélags Árnesinga, Stóru-Laxárdeildar Veiðifélags Árnesinga, Veiðifélags Ytri-Rangár, Veiðifélags Grenlækjar og Veiðifélags Skaftár.